

24. Fundur bæjarráðs Blönduósþéjar þriðjudaginn 8. mars 2011, kl. 14:30.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárasón setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:

- a) **Stjórnar SSNV 4. febrúar 2011**
- b) **Stjórnar SSNV 8. febrúar 2011**
- c) **Bs. um menningu og atvinnumál 4. febrúar 2011**

2. Skilagrein Skipting veiði í Laxá á Ásum eftir veiðistöðum árin 1994-2010

3. Bréf frá Reiðhöllinni Arnargerði dags. 19. febrúar 2011

4. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagaströnd dags. 21. febrúar 2011

5. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 23. febrúar 2011

6. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 23. febrúar 2011

7. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar 2011

8. Lokunaráætlun vegna urðunarstaðarins í Draugagili dags. 25. febrúar 2011

9. Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Fundargerðir:

a) Stjórnar SSNV 4. febrúar 2011

Umræður urðu um bókun stjórnar SSNV og bæjarráð tekur undir bókun stjórnarinnar.

„Stjórn SSNV lýsir yfir miklum vonbrigðum á miklum boðuðum niðurskurði ríkisins til Menningarsamnings Norðurlands vestra og bendir á að niðurskurður til samningsins nemur 27% frá árinu 2008. Þá telur stjórnin ófullnægjandi forsendur fyrir þeim stuðlum sem liggja að baki útreiknuðum framlögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins til menningarsamninga landshlutanna og gagnrýnir harðlega val á þeim þáttum sem lagðir eru til grundvallar. Stjórnin bendir á að áður voru ekki síst, hagvaxtar og fólksfjöldaþróun lögð til grundvallar skiptingu fjárveitinga sem eru að mati stjórnar mun eðlilegri viðmið en stærð afrétta eða fjarlægð frá höfuðborg svo dæmi sé tekið“

Lögð fram til kynningar

b) Stjórnar SSNV 8. febrúar 2011

Lögð fram til kynningar

c) Bs. um menningu og atvinnumál 4. febrúar 2011

Lögð fram til kynningar

2. Skilagrein Skipting veiði í Laxá á Ásum eftir veiðistöðum árin 1994-2010

Veiðifélag Laxár á Ásum og matsnefnd um skiptingu arðs af veiði óskuðu eftir því við Veiðimálastofnun að taka saman skráða veiði eftir veiðistöðum í Laxá á Ásum.

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf frá Reiðhöllinni Arnargerði dags. 19. febrúar 2011

Samkvæmt úrskurði yfirfasteignamatsnefndar ber að skattleggja hesthús í þéttbýli samkvæmt c-lið 3. mgr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Reiðhöllinn Arnargerði ehf. óskar eftir með hliðsjón af hækkuninni endurskoðun á samningi sveitarfélagsins við Reiðhöllina. Fulltrúi S-listans lýsti yfir óánægju með að breyting á álagningu hafi ekki verið tekin fyrir í bæjarráði og hlotið viðhlítandi kynningu.

Bæjarráð samþykkir að samningur Blönduósbæjar og Reiðhallarinnar Arnargerði ehf. hækki sem nemur breytingunni á álagningu fasteignagjaldanna. Bæjarstjóra falið að ganga frá samningi við Reiðhöllina Arnargerði ehf.

4. Bréf frá Sveitarfélaginu Skagaströnd dags. 21. febrúar 2011

Sveitarstjórn Skagastrandar hefur áhuga á að koma á daglegum akstri framhaldsskólanema í FNV.

Bæjarráð vísar erindinu til fræðslunefndar.

5. Bréf frá Skipulagsstofnun dags. 23. febrúar 2011

Í bréfinu er að finna staðfestingu niðurfellingar Svæðisskipulags Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016, Húnavatnshrepps, Blönduósbæjar, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð.

Lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga dags. 23. febrúar 2011

Lánasjóður sveitarfélaga óskar eftir framboðum í stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga.

Lagt fram til kynningar.

7. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 24. febrúar 2011

Stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga hefur ákveðið að XXV. landsþing sambandsins verði haldið föstudaginn 25. mars 2011.

Forseti bæjarstjórnar og bæjarstjóri mæta fyrir hönd sveitarfélagsins.

8. Lokunaráætlun vegna urðunarstaðarins í Draugagili dags. 25. febrúar 2011

Kynnt var lokunaráætlun fyrir urðunarstaðinn í Draugagili. Áætlunin er unnin af Eflu, verkfræðistofu og Tæknideild Blönduósbæjar og fjallar um hvernig staðið sé að lokun svæðisins og vöktun á því samkvæmt 33. gr. laga nr. 55/2003. Lögð var fram svohljóðandi ábyrgðaryfirlýsing:

„Blönduósbær ábyrgist að staðið verði við þær skyldur um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins í Draugagili, sbr. 33. gr. laga nr. 55/2003. Ábyrgð þessi gildir í allt að 30 ár eftir lokun.“

Bæjarráð samþykkir lokunaráætlunina ásamt ábyrgðaryfirlýsingunni.

9. Önnur mál

Formaður bæjarráðs gerði grein fyrir fundi með Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna þar sem fjallað var m.a. um skuld sem kemur fram í ársreikningi safnsins. Umræður urðu um málið.

Umræður urðu um Háskólasetrið á Blönduósi. Fyrirhugaður er fundur starfsmanna Háskólasetursins, Textílseturs Íslands, fulltrúa Blönduósbæjar og annarra hagsmunaaðila Kvennaskólans þar sem rædd verða verkefni ársins 2011. Bæjarstjóri og Oddný M. Gunnarsdóttir mæta á fundinn.

Zophonías Ari greindi frá aðalfundi Ámundakinnar ehf.

Ræddar voru skipulagsbreytingar milli grunnskólans og íþróttamannvirkja. Á næsta fundi bæjarráðs mun bæjarstjóri gera grein fyrir þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til á árinu 2011 og lúta að skipulagsbreytingum milli grunnskólans og íþróttamannvirkja.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 17:00

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Kári kárason (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)